

24102108 - Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar 2025

Tillaga að álagningu gjalda fyrir 2025:

I. Lagt er til að útsvar fyrir árið 2025 verði óbreytt, 14,93%

II. Lagt er til að fasteignagjöld fyrir árið 2025 verði álögð sem hér segir:

a) Fasteignaskattur

1. Íbúðarhúsnæði lækki úr 0,165% í 0,162 % af fasteignamati.
2. Atvinnuhúsnæði lækki úr 1,42% í 1,40%% af fasteignamati.
3. Opinbert húsnæði óbreytt, 1,320% af fasteignamati (sbr. b-lið 3. mgr. 3. laga nr. 4/1995).
4. Hesthús lækki úr 0,165 í 0,162% af fasteignamati.
5. Sumarhús lækki úr 0,165 í 0,162% af fasteignamati.

b) Vatnsskattur og holræsagjald

1. Vatnsskattur verði óbreyttur 0,058% af heildarfasteignamati. Aukavatnsgjald skv. mæli verði kr. 56,47 (var 54,35) fyrir hvern m³ vatns (hækkar um 3,9%).
2. Fráveitugjald, sbr. reglugerð um fráveitugjald í Kópavogsbæ nr. 729/2001, lækki úr 0,059% af fasteignamati og verði 0,058%, sbr. lög um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald. Ekki skal reikna fráveitugjald af húsi það ár sem bygging þess hefst. Rotþróargjald fyrir íbúðarhúsnæði að Vatnsenda verði kr. 36.456 (var 35.088) og innheimtist með fasteignagjöldum (hækkar um 3,9%).

c) Lóðarleiga:

1. Fyrir lóðir íbúðar-, sumar-, hesthúsa og í Lækjarbotnum, hækkar úr 21,43 kr/m² og verður 23,62 kr/m².
2. Fyrir lóðir annarra húsa hækka úr 180,00 kr/m² og verða 185,40 kr/m².

Gjalddagar fasteignagjalda 2025 verði tíu, þann 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. Ágúst, 1. September, 1. október og 1. nóvember og greiðist tíundi hluti gjaldsins hverju sinni. Eindagi verði í lok hvers mánaðar.

Gjaldendur sem greiða lægri fasteignagjöld en 50.000 kr. greiði þau í einu lagi á gjalddaga 03.03. 2025.

Gjaldendur er greiða fasteignagjöld að fullu fyrir lokun þann 17.02.2024 fá 3% staðgreiðsluafslátt

d) Elli- og örorkulífeyrisþegar er njóta lækkunar fasteignaskatts skulu fá staðgreiðsluafslátt samkvæmt sömu reglum og aðrir gjaldendur af þeim hluta er þeim ber að greiða.

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem búa í eigin íbúð. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk í framtali ársins 2024:

- 100% lækkun:
Einstaklingar með heildarárstekjur allt að 7.133.000 krónur (var 6.748,5 þ).
Hjón með heildarárstekjur allt að 9.114.000 krónur (var 8.622,2 þ).
- 75% lækkun:
Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu frá 7.133.001 - 7.251.000 krónur (var 6.860 þ).
Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.114.001 – 9.386.000 krónur (var 8.880 þ).
- 50% lækkun:
Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 7.251.001 – 7.370.000 krónur (var 6.973 þ).
Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.386.001 - 9.823.000 krónur (var 9.293,3 þ).
- 25% lækkun:
Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 7.370.001 – 7.485.000 krónur (var 7.082 þ).
Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.386.001 - 10.247.000 krónur (var 9.694,8 þ).

e) Veittur verður styrkur til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf, sbr. sérstakar reglur bæjarstjórnar þar um.

III. Bæjarstjórn Kópavogs samþykkir á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að leggja sérstakt sorphirðu- og eyðingargjald á hverja íbúð í Kópavogi á árinu 2023. Álagning gjaldsins breytist þannig, að í stað fastagjalds sem var kr. 62.500 á íbúð á árinu 2024 verður nú innheimt samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá (sjá nákvæmara í sér skjali):

Gjald fyrir óflokkaðan heimilisúrgang	Stærð tunnu [l]	Upphæð [kr]	Eining
Blandaður úrgangur	240	43.102	pr. tunna
Blandaður úrgangur	360	64.653	pr. tunna
Blandaður úrgangur	500	89.795	pr. kar
Blandaður úrgangur	660	118.530	pr. kar
Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang	Stærð tunnu [l]	Upphæð [kr]	
Pappír og pappi	240	9.200	pr. tunna
Pappír og pappi	360	13.800	pr. tunna
Pappír og pappi	660	25.299	pr. kar
Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang	Stærð tunnu [l]	Upphæð [kr]	
Plast	240	7.134	pr. tunna
Plast	360	10.701	pr. tunna
Plast	500	14.863	pr. kar
Plast	660	19.619	pr. kar
Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang	Stærð tunnu [l]	Upphæð [kr]	
Matarleifar	140	22.353	pr. tunna
Matarleifar	240	38.320	pr. tunna
Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang	Stærð tunnu [l]	Upphæð [kr]	
Tvískipt tunna, almennur úrgangur/matarleifar	96/144	24.442	pr. tunna
Tvískipt tunna, pappír/plast	96/144	25.120	pr. tunna
Gjald fyrir flokkaðan og óflokkaðan heimilisúrgang sem losaður er í djúpgáma við íbúð		41.689	á íbúð
Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva Sorpu á höfuðborgarsvæðinu		23.058	á íbúð
Gjald vegna óska íbúa á breytingu á tunnum við íbúðarhús		4.500	hver breyting
Álag á gjöld ef tunnur eða kör eru staðsettar meira en 15 m frá lóðarmörkum		50%	pr. tunnu eða kar